



Fréttatilkynning
Frá skrifstofu forseta Íslands

OPINBER HEIMSÓKN Í MÝRDALSHREPP

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, og Eliza Reid forsetafrú fara í opinbera heimsókn í Mýrdalshrepp dagana 28.–29. mars. Þau heimsækja helstu stofnanir sveitarfélagsins og ræða við íbúa á öllum aldri. Fundað verður með sveitarstjórn og með enskumælandi ráði sem skipað er fulltrúum erlendra íbúa Mýrdalshrepps.

Heimsóknin hefst á þriðjudagsmorgni á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hjallatúni þar sem forsetahjón þiggja kaffi með heimilisfólki. Þá heimsækja þau leik- og grunnskóla bæjarins og Heilsugæslustöðina í Vík þar sem Lionsklúbburinn Suðri mun formlega færa sveitarfélaginu nýtt líkamsgreiningartæki að gjöf.

Síðdegis á þriðjudag halda forsetahjón í skoðunarferð á Dyrhólaey þar sem fulltrúi Umhverfisstofnunar veitir þeim leiðsögn um hið friðlýsta svæði. Að því loknu taka slökkviliðið og aðrir viðbragðsaðilar á móti forsetahjónum í slökkvistöðinni í Vík og þar vígir forseti tækjabíl slökkviliðsins sem sveitarfélagið festi nýverið kaup á.

Forsetahjón munu einnig kynna sér margvíslegt frumkvöðlastarf í sveitarfélaginu. Þrjónastofan Katla Wool verður heimsótt, listasmiðjan EY Collection, kaffivagninn SkoolBeans og brugghúsið Smiðjan. Á miðvikudag heimsækja forsetahjón Kötlusetur, þar sem þau kynna sér framtíðaráform Kötlu jarðvangs og skoða bæði eikarskipið Skaftfelling og verk listakonunar Sigrúnar Jónsdóttur. Boðið verður í frumkvöðlakaffi þar sem heimagerð matvæli úr héraði verða á boðstólum. Loks er forsetahjónum boðið í sýndarveruleikaferð um svifflug af Reynisfjalli og ziplínuævintýrið í Grafargili.

Síðdegis á miðvikudag verða forsetahjón heiðursgestir á árshátíðarsýningu Víkurskóla á leikritinu Emil í Kattholti eftir Astrid Lindgren í félagsheimilinu Leikskálum. Heimsókninni lýkur með hátíðarsamkomu í íþróttahúsi bæjarins kl. 16:00 á miðvikudag en þar verður opið hús fyrir alla íbúa sveitarfélagsins.

27. mars 2023

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249) og Una Sighvatsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu forseta (895 8885).